

Hreindýr á Mýrum 7. nóvember 2014

Þann 7. nóvember 2014 taldi Náttúrustofan hreindýr á Mýrum. Um 300 hreindýr fundust og voru þau flest á túnunum Flateyjar. Páll Sigfinnsson starfsmaður búsins hafði áður talið 315 hreindýr á túnunum. Eins og undanfarin haust komu hreindýrin óvenju snemma niður á láglandið. Samkvæmt Sigurði Guðjónssyni voru 150-200 dýr á Mýrum 26. september en þau fyrstu komu í byrjun mánaðarins - engin þá í Suðursveit. Nokkrir tarfar hanga síðan langt fram á sumar á Flateyjartúnunum, 20. júlí sá Einar Haraldsson hreindýraleiðsögumaður 19 dýr þar. Heimamenn söguðust hafa séð kollótta tarfa strax í októberlok sem er óvenju snemmt fyrir þá að fella hornin. Í ferðinni var rætt við Sigurður Guðjónsson hreindýraleiðsögumann og bónda á Borg á Mýrum og Friðrik Reynisson ráðsmann búsins um hreindýrin. Ekkert hefur enn frést af dýrum í Suðursveit.

Niðurstöður talningar Náttúrustofu Austurlands 7. nóvember 2014 á Mýrum.

	H kýr	K kýr	kálfur	V tarfur	2 tarfur	2+tarfur	K tarfur	ógreint	Samtals
austan túna							1		1
neðsta tún	59	3	26	11	9	10	2		120
vestan túna	10		2	5	2			7	26
vestan túna					2				2
efsta tún	39		27	7	6		1	11	91
vestasta tún	2		2	1					5
ofan túna	11	1	7	4	1				24
sv Fláajökuls								7	7
utan við Heinaberg					2				2
utan við Heinaberg								19	19
neðan vegar							1		1
Samtals	121	4	64	28	22	10	5	44	298

Þann 27. mars síðast liðinn taldi Sigurður Guðjónsson hreindýr á Mýrum og í Suðursveit. Fann hann 19 dýr við Staðarfjall í Suðursveit og 226 á Mýrum, flest eða 138 við Þingskálahóla og 25 á Flateyjartúnunum.

Undanfarna vetur hefur vetrarstofn hreindýra á Mýrum og í Suðursveit verið áætlaður um 200 dýr. Nú eru dýrin þar a.m.k. 300 og skýrist fjölgunin án ef af innflutningi úr austri.